

Ítarlegar glósur úr Brennu-Njáls sögu

Fyrri hluti (1-80 kafli): Frá byrjun til dauða Gunnars

◆ 1-8 kafli (Hrútur og Unnur)

- Höskuldur og Hrútur bræður (sammæðra)
 - Höskuldur á dótturina Hallgerði
 - Hrútur talar um þjófsaugu Hallgerðar
- Höskuldur biður um hönd Unnar fyrir Hrút
- Hrútur fer út vegna erfðamáls og Unnur biður þrjá vetur í festum
- Hrútur gerist hiðrmaður konungs, sefur hjá Gunnhildi konungsmóður og fer í víking (drepur Atla og fleiri berserki)
- Gunnhildur spyr Hrút einhverju sinni hvort hann eigi konu heima á Íslandi og hann neitar. Hún leggur þá á hann álög vegna þess að hann sagði henni ósatt en það varð til þess að hann og Unnur gátu aldrei notið hvors annars líkamlega.
- Hrútur fer heim til Íslands og giftist Unni og lætur hana fá stjórn yfir húsráðum og öllu innan stokks
- Unnur vill losna úr hjónabandinu því hún fær ekki notið Hrútar. Hún nær að losna úr hjónabandinu með hjálp föður síns (þegar Hrútur fer að heiman átti hún að nefna karl-votta við rekkjustokk og síðan átti hún að ríða heim til föður síns)
- Hrútur undrast að kona hans er farinn en er þó stilltur mjög
- Mördur gígja reynir að ná aftur fénu sem Hrútur er með frá Unni, til baka (heimamundnum)
- Hrútur skorar Mörd á hólmen Mördur þorir ekki og Hrútur vinnur því málið og heldur fénu

◆ 9- 17 kafli(Hallgerður og fyrstu tvö hjónaböndin)

- Hallgerður, dóttir Höskulds, vex úr grasi (Langt fagurt hár, örlynd og skaphörð)
- Þjóstólfur fóstri hennar (Enginn skapbætir Hallgerði, hefur drepit margan mann)
- Feðgarnir Ósvífur og Þorvaldur. Þorvaldur biður um hönd Hallgerðar og Höskuldur samþykkir en Hallgerður finnst Þorvaldur vera maður fyrir neðan sína virðingu
- Vantar mjöl og skreið – Hallgerður: “Svelt þig til fjár og faðir þinn” – Þorvaldur slær til Hallgerðar
- Þjóstólfur drepur Þorvald
- (Hallgerður: “Blóður er öx þín....”)
- Hallgerður sendir Þjóstólfi til móðurbróður síns, Svans sem var fjölkunnugur (galdramaður)
- Ósvífur nær ekki Þjóstólfi en Hrútur kemur því á að Höskuldur borgar Ósvífi son sinn
- Glúmur og Þórarinn bræður
- Glúmur biður um hönd Hallgerðar, hún fær núna að ráða og er sátt með sinn hlut
- Hrútur segir þeim að leyfa ekki Þjóstólfi að vera hjá þeim lengur en þrjár nætur því annars mun hann öllu spilla
- Hallgerður situr mjög á sér og unír vel við sinn hag
- Glúmur og Hallgerður eignast dótturina Þorgerði
- Þjóstólfur rekinn frá Höskuldi – fær að búa hjá þeim Hallgerði
- Orðaskipti milli Þjóstólfs og Glúms
- Glúmur og Hallgerður rífast um veru Þjóstólfs og Glúmur slær hana
- Hallgerður segir Þjóstólfi að hann eigi að láta Glúm í friði og ekki drepa hann
- Þjóstólfur drepur hann samt
- Hallgerður sendir hann til Hrúts sem drepur Þjóstólfi (Eins og Hallgerður var búin að áætla)
- Hrútur og Höskuldur gefa Þórarni góðar gjafir vegna missins

| | | |
|----|---|---------------------------------------|
| 1. | Gefin óspurð. | Spurð álit. |
| 2. | Eiginmaður ættsmár. | Eiginmaður göfugrar ættar. |
| 3. | Svanur áberandi í veislunni. | Svanur ferst. |
| 4. | Þjóstólfur er með hjónunum. | Þjóstólfi bönnuð vist. |
| 5. | Hallgerður "hafði allt í sukki". | Hallgerður "sat mjög á sér". |
| 6. | Barnlaust hjónaband. | Þorgerður fæðist. |
| 7. | Þorvaldur "laust hana í andlitið". | Glúmur "drap til hennar hendi". |
| 8. | Hallgerður hvetur Þjóstólf til vígsins. | Hallgerður bannar Þjóstólfi vígið. |
| 9. | Hallgerður sendir Þjóstólf til Svans. | Hallgerður sendir Þjóstólf til Hróts. |

◆ 18- 25 kafli (Gunnar og féheimtan af Hróti)

- Mördur gígja deyr => Unnur fær að fé hans
- Unnur kann ekki að fara með fé og á brátt lítið eftir
- Unnur biður því Gunnar frá Hlíðarenda (Gunnar Hámundarson) frænda sinn um að taka upp fjárkröfu sína við Hróti
- Gunnar biður Njál vin sinn ráða
 - Á að dulbúa sig sem Kaupa-Héðinn og fara með tvo fylgdarmenn með sér til Hróts. Stefna einu sinni vitlaust en síðan rétt svo Hróti gruni ekkert. Laumast í burtu með fylgdarmönnum um miðja nótt
- Gunnar fer eftir ráðum Njáls í öllum atriðum.
- Gunnar tekur upp fjárkröfuna við Hróti á næsta alþingi => skorar Hróti á hólmi en Hróti er ráðlagt að borga frekar féið sem hann gerir
- Unnur fær féið, giftir Valgarði grá og þau eignast soninn Mörd (sem mun verða aðal óvinur Gunnars seinna meir)

◆ 25 – 32 (Synir Njáls og utanferð Gunnars)

- Njáll átti konuna Bergþóru og börn þeirra voru (Fyrir utan Höskuld)
 - Skarphéðinn elstur
 - Skjótráður, löngum vel stilltur
 - Grímur annar
 - Helgi
 - Líkur Njáli í skapi, stilltur vel og vitur
 - Giftist Þórhöllu höfðingjadóttur, dóttir Ásgríms Elliða-Grímssonar
 - Höskuldur – launsonur Njáls – Móðir hans heitir Hróðný
- Gunnar vill fara út til útlanda að eigna sér frama
- Kolskeggur bróðir hans fer með honum
- Sígild utanferð = Gunnar eignast mikla frægð og frama, sigrar berserki og fær góðar gjafir frá konungi Dana (Tignarklæði, glófa gullfjallaða og skarband, gerskan hatt)
 - Konungur biður Gunnari kvonfang og ríki mikið en Gunnar afþakkar

◆ 33-34 (Gunnar kemur heim til Íslands og giftist Hallgerði)

- Gunnar kemur heim til Íslands
- Njáll varar Gunnar við því að fara til Alþingis en Gunnar fer samt
- Gunnar verður ástfanginn af Hallgerði og biður um hönd hennar sem hann fær
- Í brúðkaupi þeirra skilur Þráinn Sigfússon, frændi Gunnars, við konu sína Þórhildi skáldkonu og giftist þess í stað Þorgerði (14 ára), dóttur Hallgerðar
- Hallgerður tekur við búræðum í Hlíðarenda en dóttir hennar í Grjótá hjá Þráni Sigfússyni, manni sínum

◆ 35-45 (Rígur milli Hallgerðar og Bergþóru og Húskarlavígin)

- Byrjar þegar Gunnar fer til boðs til Bergþórshvols til Njáls. Bergþóra biður Hallgerði að færa sig fyrir tengdadóttur sinni, Þórhöllu (kona Helga). Hallgerður neitar að færa sig og orðaskak brýs á milli hennar og Bergþóru. Hallgerður vill að Gunnar hefni fyrir orð Bergþóru en Gunnar reiðist, segist ekki vilja „vera eggjunarfífl hennar“ og fer með Hallgerði heim
- Gunnar fer til þings. (Hallgerður: „Tröll eigi þína vini“). Njáll og Gunnar skipta saman skóg. Bergþóra sendir Svart, húskafl þeirra að höggva skóg og húskarlavígin byrja þar sem Hallgerður og Bergþóra láta drepa húskafla hvers annars (fyrstu þrjú vígin á hverju sumri þegar karlar fóru til þings)

- Kolar (Húskarl Hallgerðar) drepur Svart (sumar nr.1)
 - Gunnar fréttir vígið á þinginu og borgar Njáli fyrir Svart 12 auro silfurs
- Bergþóra fær austfirski manninn Atla til að drepa Kol þegar Njáll ríður til þings (sumar nr.2)
 - Njáll notar peningana frá Gunnari í að borga fyrir Kol
- Brynjólfur rósti (frændi Hallgerðar, laungetinn sonur Svans) drepur Atla (sumarið nr.2)
 - Njáll hafði lofað Atla að hann yrði bættur sem frjáls maður og Gunnar borgaði því 100 silfurs
- Þórður leysingjason (hafði fóstorað alla sonu Njáls) drepur Brynjólf rósta
 - Njáll geldur 100 silfurs
- Sigmundur Lambason, frændi Gunnars, og Skjöldur, sænskur félagi hans koma til Hlíðarenda. Hallgerður lætur Sigmund og Skjöld drepa Þórð leysingjason en Þráinn Sigfússon horði á
 - Njáll gerir út um málið án sona sinna og lætur Gunnar borga 200 silfurs
- Farandkonur frá Bergþórshvoli fara til Hlíðarenda að segja fréttu. Hallgerður lætur Sigurð fara með níðvísur um Njál og syni hans („Karl hinn skegglausa og taðskeggilinda”). Gunnar gengur inn og er reiður mjög yfir vísunum. Farandkonurnar segja Bergþóru frá vísunum. Bergþóra vill að synir hennar hefni vígsins („Eigi höfum við kvennaskap að við reidumst yfir öllu”). Höskuldur gegnur með Bergþóru fram (huggar hana). Virkar misjafnt á bræðurnar. Þeir fara um nóttina („leita sauða”). Skarphéðinn drepur Sigmund en Helgi og Grímur drepa Skjöld
 - Gunnar er sama um Sigmund en vill ekki minnka sóma sinn og Njáll borgar honum því 200 silfurs en Skjöldur var óbættur

◆ 46-51 (Gunnar og Otkell + stuldur Hallgerðar (þjófsaugun))

- Gissur hvíti (bjó að Mosfelli og höfðingi mikill) og Geir Goði vinir og tvíeyki mikið
- Mörður Valgarðsson öfundar Gunnar á Hlíðarenda, frænda sinn.
- Otkell bjó í Kirkjubæ, auðigur að fé með Þorgerði konu sinni en sonur hans, Þorgeir, var þá ungur maður og gervilegur. Otkell sá illa (var ekki glöggskyggn) sem átti eftir að koma honum í vandræði síðar. Bróður Otkells hétu Halkell og Hallbjörn. Otkell tekur við þrælum Melkólfi af Hallbirni, gaf honum hnif og belti og alklænað. Melkólfur var írskur og heldur óvinsæll og þegar Otkell fékk hann varð hann mjög latur að vinnu. Skammkell var „vinur” Otkells. Hann var lygin og ódæll
- Hallæri mikið á þessum tíma. Gunnar gefur öllum sem á Hlíðarenda allt sem þeir þurftu en að lokum fór Gunnari að skorta margt. Gunnar fer því til Otkells og biður um mat og hey en Otkell neitar að gefa honum né selja honum og á Skammkell þar hluta að máli. Gunnar kaupir þó af honum þrælinn Melkólf.
- Njáll fer þá til Hlíðarenda og gefur Gunnari mat og hey
- Gunnar fer til þings um sumarið. Hallgerður sendir Melkólf þræl til Kirkjubæjar að stela þaðan mat, smjör og ost. Síðan kveikti hann í útibúrinu svo ekki kæmist um stuldinn og fólk héldi að þar væri um vangeymslu að ræða. En Melkólfur gerir að slitnum skópveng sínum með hnífnum frá Otkeli og gleymir honum í Kirkjubæ
- Margir menn ríða af þingi til Hlíðarenda. Gunnar spyr Hallgerði hvaðan hún hafði fengið allan þennan mat (smjör og ost). Hún segir honum að eta því „ekki er karlmanna að annast um matreiðu.” Gunnar reiddist og lýstur hana kinnhest („Illa er þá ef eg er þjófsnautur”) en hún segist munu launa honum kinnhestinn ef hún gæti, gekk fram og Gunnar með henni. Var þá sett á borð slátur og matur sem var betur fengin.
- Skammkell sýnir Otkatli hnif Melkólfs. Þeir fá borga Merði Valgarðssyni 3 merkur silfurs til að fá ráð um málið og liðveislu. Mörður lætur þá senda förkonur til Hlíðarenda í hálfan mánuð og þær komu til baka byrðar stórar af mat, aðalega osti. Mörður tekur ostinn og setur í ostakistu Þorgerðar í Kirkjubæ. Ostasneiðarnar passa og þar með var sannað að osturinn væri frá Kirkjubæ.
- Gunnar vill bæta Otkeli tjónið vegna Hallgerðar með góðum boðum en Skammkell kemur því í kring að Otkell fái sjálfðæmi og ráðleggi sig við Gissur Hvíta og Geir goða. Skammkell býðst til að fara fyrir Otkel til Gissurar og Geirs vegna slæmrar sjónar hans. Skammkell lýgur til um svör Gissurar og Geirs og segir þá ekki viljað að sæst yrði um málið. Otkell fer því að Hlíðarenda og stefnir Gunnari en Skammkell gerir lítið úr honum.

- Á þingi fær Gunnar þau ráð frá Hrúti og Höskuldi að skora á hólmi Gissur hvíta en Kolskeggur Geir hvíta, menn þeirra áttu síðan að fást við Otkel ogbræður hans. Úlfur aurgoði komst að þessari ráðagerð og segir Gissuri. Gissur gerist reiður og spyr Otkel hver hafði sagt honum að stefna Gunnari en Otkell segir frá Skammkatli. Gunnar fær sjálfðæmi í málinu, Gissur og Geir vinna eið en Gunnar vill ekki vera vinur Otkels. Þeir handsala þá sættinni

◆ 52-80 (Vígafarli Gunnars)

- 1.vígafarlið (52-56)
 - Otkell ætlar að ríða til boðs hjá Runólfi syni Úlfs aurgoða. Hestarnir hans ærast hins vegar og fara hjá heimili Gunnars. Otkell sér ekki Gunnar og ríður á hann og blóðgar hann. Skammkell gerir lítið úr Gunnari og þeir fara í burtu
 - Gunnar segir Kolskeggi frá atvikinu einhverju síðar og nábúum sínum. Skammkell segir í boðinu hjá Runólfi að Gunnar hafði grátið þegar Otkell reið á hann.
 - Smalamaður segir Gunnari að Otkell og menn hans ríði frá boðinu, ofan með Markarfljóti. Gunnar klæðir sig í herstakk. Rannveig, móðir hans vaknar þegar Gunnar fer. Hún vekur Kolskegg sem fer þegar í stað á eftir honum. Gunnar drepur þar alla menn Otkells, stingur atgeirnum í Skammkel og hreitir honum út í Rangá. Kolskeggur drepur Hallkel
 - Gunnar fer til Njáls til að fá heilræði. Njáll segir honum að hann muni fá mikla sæmd af málinu en segir honum að „vega aldrei í sama knérunn (karllegg) og rjúfa aldrei þá sætt sem góðir menn gera milli þín og annara og síst á því máli”
 - Gissur hvíti lýsir yfir vígsök á Gunnar á Lögbergi. Gunnar ónýtir mál Gissurar og gert er um málið á þingi. Skammkell var gerður ógildur. Sporahöggið var jafngilt vígi Otkels en Gunnar fékk fé frá frændum sínum til að greiða fyrir víg annara
- 2.vígafarlið (57-66)
 - Starkaður Barkarsson undir Þríhyrningátti konuna Hallberu og synina Þorgeir, Börk og Þorkell.
 - Egill Kolsson bjó í Sandgili og átti konuna Steinvöru, systur starkaðar undir Þríhyrningsynna. Þau áttu synina Kol, Óttar og Hauk. Egill hafði tekið við tveimur Austmönnum Þóri og Þorgrími. Egill átti bróðurinn Önund
 - Starkaður átti hest góðan og bræðurnir úr Sandgili og undir Þríhyrningi (Þorgeir, Börkur og Þorkell + Kolur, Óttar og Haukur) etja Gunnari í hestaat við þá.
 - Höskuldur, faðir Hallgerðar deyr
 - Þorgerður og Þráin eignast sveinbarnið Höskuld
 - Synir Gunnars og Hallgerðar heita Högni og Grani.
 - Hestaatið. Margmenni komið til að horfa. Gunnar nær að koma Þorgeir og Kol af baki og hestur þeirra dettur ofan á þá. Þeir spretta upp og ætla að Gunnari. Gunnar rotar Kol, Þorgeir ræðst á hest Gunnars og tekur úr honum augað en Gunnar rotar hann líka. Kolskeggur drepur hestinn. Þorgeir segist vilja Gunnar dauðann og fara allir til síns heima
 - Gunnar myndar vináttu við Ólaf þá mág sinn sem gefur honum mörg góð heilræði
 - Gunnar hjálpar Ásgrími Elliða-Grímssyni í erfðamáli gegn Úlfi Uggasyni með því að skora hann á hólmi. Úlfur þarf því að borga allt féið
 - Gunnar fer til heimboðs til Ásgríms Elliða-Grímssonar á Tungu með bræðrum sínum Kolskeggi og Hirti (bara þrír!). Sigurður svínhöfði njósna um ferðir Gunnars og lætur menn undir Þríhyrningi vita. Starkaður og Egill fara saman með 30 manns í fyrirsát. Egill fær Þóri til að koma með sér. Þórir lætur Þorgrím fá kistulykil sinn því hann veit að hann mun ekki koma aftur. Þeir ætla að sitja fyrir Gunnari að Knafahólum
 - Gunnar syfjar mjög við Þjórsá og fær þar að vita af mannsaflnum við Knafahóla og sá fyrir dauða Hjartar. Hann sagði bræðrum sínum drauminn en Hjörtur vill fylgja honum.
 - Harður bardagi þar sem 15 deyja með Hirti. Austmaðurinn Þórir drepur Hjört en Gunnar heggur Þóri í tvennt. Starkaður og menn hans flýja.
 - Valgarður Grái og Mörður gerst hliðhollir Starkaði og Mörður giftist Þorkötu, dóttur Gissurar hvíta
 - Málið fer til dóms. Njáll hafði búið svo um málið að Mörður á erfitt með að saka Gunnar. Hjalti Skeggjason fær Gunnar til að setja málið í dóm góðra manna. Þar voru dæmdar

ýmsar sættir sem Gunnar borgaði fljótt með hjálp margra vina og hlítur mikla sæmd.
Mótstöðu Gunnars öfunda hann mjög af hans sæmd

• 3.vígaferlið – Dauði Gunnars (67-80)

- Þorgeir Otkelsson orðinn vel mannaður
- Þorgeir Starkaðarson fer að finna Mörd og koma á því ráðabruggi að láta Gunnar veða Þorgeir Otkelsson og veða þar með tvisvar í sama knérunn.
Þorgeir Starkaðarson gerist þar með vinur Þorgeirs Otkelssonar og fær hann til þess að fara að Gunnari með 24 menn. Smalamaður Njál sér þá og lætur Njál vita. Njáll fer til þeirra nafna (Þorgeirana) og hræðir þá á braut með því að segja að Gunnar væri á leiðinni með lið mikið. Njáll fær þá til að hlýða þeirri sætt sem yrði á næsta alþingi. Njáll tók við féinu fyrir hönd Gunnars og geymdi.
- Ólafur gefur Gunnari gullhring, skikkju og hundinn Sám sem hafði mannsvit
- Mördur og Þorgeir Starkaðarson fá Þorgeir Otkelsson til að fífla Ormhildi, frændkonu Gunnars. Síðan fara þeir í aðför að Gunnari við Rangá.
- Gunnar og Kolskeggur berjast gegn þeim. Þorgeir Starkaðarson ginnir Þorgeir Otkelsson til að hefna föður síns. Gunnar rekur atgeirinn í gegnum Þorgeir Otkelsson og steypir honum í Rangá. Þorgeir Starkaðarson og menn hans flýja þá því markmiði þeirra var náð.
- Gissur hvít lýsir sök Gunnars að Lögbergi. Tólf manna dómur settur í málið. Dæmdu fésektir og að Kolskeggur og Gunnar ættu að fara utan og vera þar í þrjá vetur ellegar vera rétttræpur af frændum hins vegna. Gunnar fær féið sem Njáll hafði geymt frá fyrri sættinni til greiðslu. Gunnar segist ætla að halda sættina
- Á leið til skips, misstigur hestur Gunnars sig. Gunnar stekkur af baki og horfir upp í hliðina til Hlíðarenda og ákveður að vera um kyrrt á Íslandi („Fögur er hliðin svo að mér hefir hún aldrei jafnfögur sýnst, bleikir akrar en slegin tún.....”)
- Kolskeggur fer utan. Einnig fara synir Njál, Grímur og Helgi til utanferðar með öðru skipi og Þráinn Sigfússon með en öðru
-
- Mördur, Gissur hvíti, Geir goði og menn undir Þríhyrningi ætla í aðför að Gunnari. Neyða mann að næsta bæ, Þorketil, til að fara með þeim svo hundurinn kæmi ekki upp um þá. En hundurinn vaknar við óhljóðin frá hundinum þegar hann er drepinn. Gunnar drepur Þorgrím austmann með atgeirnum og marga aðra með örvum.
En þegar hoggið er á strenginn í boganum biður Gunnar Hallgerði um lepp úr hári hennar. Hún neitar að láta hann fá leppinn vegna kinnhestinn sem hann gaf henni („muna þér kinnhestinn....”)
Gunnar varðist vel og frækilega en að lokum náðu þeir að drepa hann.
Geir hrósaði því að hafa veitt Gunnari banasár en Þorgeir Starkaðarson hinu öðru
- Gunnar heigður. Rannveig geymdi atgeirinn fyriri hvern þann sem hefna skildi Gunnars. Rannveig var svo hörð að Hallgerði og kenndi henni um dauða sonar síns. Hallgerður fluttist því til Grjótár til Þorgerðar dóttur sinnar með Grana syni sínum.
- Smalamaður og griðkona heyra Gunnar kveða í haug sínum og sögðu Rannveigu. Rannveig lét segja Njáli tíðindin sem talaði þá við Skarphéðinn son sinn og sendi hann til Hlíðarenda.
- Skarphéðinn og Högni heyra eitt kvöldið kveðið úr haugnum. Þeir ákveða þar með að hefna Gunnars. Högni sækir atgeir föður síns. Drepa Stakað og Þorgeir, (Tjörva og Hróald). Fara til Marðar sem biður þeim alsætti vegna hræðslu. Var þá gerð sætt við alla þá menn sem höfðu átt í að för að Gunnari, þótt Gunnar hafði verið sekur fundinn. Mördur borgaði fyrir alla. Högni og Geir goði sættust einnig.
- Njáll fær konuna Álfheiði fyrir Höгна. Högni heldur vináttu við Njál. (Högni er hér úr sögunni)

Seinni hluti (81-159): Frá utanferðum til sátta

- ◆ 81-89 (Frá ferðum þeirra sem fóru að utan (Kolskeggur/ Þráinn Sigfússon / Helgi og Grímur Njálssynir))
 - Kolskeggur skírist eftir að hann dreymir að maður ljós að litum segir honum að fylgja sér og að hann muni útvega honum kvonfang og verða riddari sinn. Kolskeggur skírist í Danmörku, fer til

Garðríkis og þaðan út í Miklagarð. Þar kvongaðist hann, varð höfðingi fyrir Væringjaliði og var það til dauðadags (og er þar með úr sögunni)

- Þráinn Sigfússon og samskipti hans við Grím og Helga Njálssyni
 - Er hjá Hákon jarli í Noregi um veturinn
 - Með Þráni var Gunnar Lambason bróðursonur hans og Lambi Sigurðsson
 - Drepur vikingin Kol sem var útlægur um allt ríki Noregskonungs, fær langskipið Gamm að gjöf frá konungi og dvelst hjá honum um langa tíð
 - Grímur og Helgi berjast við víkinga, hitta fyrir Kára Sölmundarson sem veitir þeim lið og verða vinir
 - Kári var hirðmaður Sigurðar jarls og útvegar þeim hirðvist hjá honum. Helgi hefur erfitt forspáar hæfileika föður síns og hjálpar jarli að koma í veg fyrir valdarán í ríki hans í Skotlandi
 - Fara saman í hernað með jarli og síðan með Kára og vinna til mikilla afreka
 - Hrappur nokkur fær far með Kolbeini Arnljótssyni frá Íslandi gegn greiðslu. Hann fer til Guðbrands í Dala sem var besti vinur Hákonar jarls. Guðbrandur sett Hrapp á hinn óæðri bekk. Hrappur fer brátt að fífla (reyna við/fleka) Guðrúnu, dóttur Guðbrands. Guðbrandur fær Ásvarð verkstjóra sinn til að gæta hennar. Hrappur nær þó til hennar þegar hún þurfti að ferðast í gegnum skóg og barnar hana. Ásvarður sækir á hann en Hrappur drepur hann. Hann fer og segir Guðbrandi frá gjörðum sínum en nær þó að sleppa lifandi undan.
 - Hrappur sleppur sífellt í burtu en rænir goðahús Hákonar jarls. Jarl fyrirskipar þar með mikla leit að honum.
 - Njálssynir voru að gera sig tilbúna til siglinga heim til Íslands. Hrappur fer fyrst til Njálssona og biður þá um að hjálpa sér að ferja sig burt því menn jarls voru á eftir honum. Þeir neita hins vegar að taka við honum þegar menn konungs eru á eftir honum en Njálssynir
 - Hrappur fer þá til Þráins sem einnig var á leiðinni heim. Hrappur býður honum fjár úr goðahúsunum og Þráinn tekur við honum. Felur hann þrisvar sinnum: Fyrst í tunnum, annað sinn á milli sekkja og í hið þriðja hjá seglinu. Leggur Þráinn þá til sjós og er stutta stund þar á hafi, fer til bús síns að Grjótá en lætur Hrapp fá bú að Hrappsstöðum
 - Jarl tekur reiði sína út á Njálssonum. Þeir sleppa úr böndum og Eiríkur sonur jarls bað um að sættir yrðu gerðar. Fóru Njálssynir síðan með Kára heim til Íslands og skildu við jarl í vináttu

◆ 90-94 (Deilur milli Njálssona og Þráins)

- Kári Sölmundarson giftist Helgu dóttur Njálss
- Ketill úr Mörk mágur Njálss (á dóttur hans, Þorgerði) en einnig frændi Þráins
- Njálssynir vilja að Þráinn greiði þeim bætur fyrir þá svívirðu sem þeir urðu fyrir. Fara til Grjótár og skipst er á orðum á milli fylkinga. Hallgerðar endar þetta með orðum um taðskegginga. Um kvöldið tala allir feðgarnir auk Kára hljótt með eitthvað ráðabrugg.
- Skarphédinn, Grímur, Helgi og Kári ráðast að Þráni og mönnum hans sjö við Markarfljót sem var ísilagt. Skarphédinn rennur sér á svellinu og heggur í höfuð Þráins með öxinni Rimmugýgi, áður en hann fær settan á sig hjálminn. Grímur og Helgi fara að Hrappi og drepa hann. Þeir gefa grið Grana Gunnarssyni, Gunnari Lambasyni, Lamba Sigurðssyni og Loðni
- Njáll fær Ketil úr Mörk til að láta frændur sína taka við bótum eftir víg Þráins. Njáll borgar féið vel af hendi. Njáll fær Ketil síðan til að taka við Höskuldi syni Þráins í fóstur. Njáll tekur síðan við Höskuldi í fóstur (þegar hann hafði reynt á skoðanir drengsins um lát föður síns)

◆ 95-97 (Höskuldur Þráinsson, goðorð hans, gifting)

- Höskuldur vex úr grasi og er frumvaxta
- Flosi var höfðingi mikill að Svínafelli og átti dótturina Hildigunni
- Síðu-Hallur Þorsteinsson og átti synina Þorstein, Egill, Þorvarður, Ljótur og Þiðrandi
- Holta-Þórir og átti synina Þorgeir skorargeir, Þorleif krák og Þorgrím mikla
- Njáll biður um hönd Hildigunnar fyrir Höskuld en Flosi hafði lofað að gifta hana goðorðs manni. Hildigunnur var sett í þriggja ára festir.

- Njáll kemur málum svo fyririr í landinu að þau verða ívið vandasöm. Hann leggur því til að stofnaður sé fimmtungsdómur fyrir þau mál sem ná að ljúkast í fjórðungsdómi. Hann biður síðan um að Höskuldur fái eitt goðorð sem hann fær. Höskuldur héðan af kallaður Höskuldur hvítanesgoði
 - Hildigunnur föstnuð Höskuldi, Njáll kaupir land í Ossabæ fyrir þau. Mikil vinátta með sonum Njáls og Höskulds og skiptast þeir á stórgjöfum
- ◆ 98-99 (Dauði Höskuldar Njálssonar)
- Lýtingur á Sámsstöðum sem átti konuna Steinvöru Sigfúsdóttur, systur Þráins. Hann átti tvo bræður, Hallstein og Hallgrím. Lýtingur fær bræður sína og húskarla þrjá til að drepa Höskuld Njálsson til að hefna enn frekar fyrir lát Þráins.
 - Hróðný, móðir Höskulds Njálssonar, lætur flytja hann til Bergþórshvols og vildi að Skarphéðin veitti honum nábjargir, þ.e.a.s. hefni hans
 - Njálssynir fara að Lýtingi og bræðrum hans. Drepa Hallgrím og Hallkel en Lýtingur kemst undan til Ossabæjar og Höskuldur Hvítanesgoði semur fyrir hönd Lýtings við Njál. Lýtingur borgar 200 silfurs sér til griða
- ◆ 100-105 (Kristintaka á Íslandi)
- Ólafur Tryggvason orðinn konungur í Noregi
 - Þangbrandur og Guðleifur koma til Íslands að boða kristni
 - Hallur af Síðu tekur skírn af Þangbrandi og öll hjú hans
 - Flosi tekur prímsigningu
 - Galdra-Héðinn reynir að leggja gildru fyrir Þangbrand svo að jörðin brast og glepti hest hans en Þangbrandur komst á bakkan og þakkaði guði. Guðleifur drepur Galdra-Héðinn
 - Njáll tekur trú og öll hjú hans
 - Boð hjá Gesti Oddleifssyni í Haga á Barðarströnd. Þangbrandur lætur gera þrjá elda til að hindra inngöngu berserksins Ótryggs. Eini eldurinn sem stöðvaði hann var hinn vígði.
 - Gissur og Hjalti Skeggjason taka að sér að boða kristni á Íslandi til að halda konungi góðum.
 - Þorgeir Ljósvetningagoði fenginn til að ákveða hvor trúna átti að halda. Hann lá undir feldi í heilan dag. Hann ákvað að Íslendingar skildu gerast kristnir og fjörbaussök lá undir nema menn færu leynt með
- ◆ 106 (Ámundi blindi hefnir föður síns, Höskuld hvítanesgoða)
- Ámundur blindi fer til búðar Lýtings og vill krefjast bóta vegna vígs föður síns, en hann hafði aldrei fengið neinar bætur. Lýtingur neitar. Þá fékk Ámundur sjón í smá stund, hann lítur á það sem tákn guðs og drepur Lýting. Eftir það missir hann sjónina aftur
 - Njáll sættist við frændur Lýtings fyrir Ámunda
- ◆ 107-111 (Ginning Marðar og víg Höskulds Hvítanesgoða)
- Mörður hafði misst flesta sína fylgdarmenn til Höskulds sem var vinsælli goðorðsmaður en hann. Valgarður vildi að hann eggjaði Höskuld og Njálssyni upp á móti öðrum til að fá fylgið aftur til baka.
 - Valgarður var heiðinn en Mörður var orðinn kristinn. Valgarður braut krossa fyrir Merði og heilög tákn. Stuttu seinna fékk hann sótt og andaðist
 - Mörður gerist falskur vinur Njálssona með miklum gjöfum
 - Mörður reynir að eggja Höskuld til vígs gegn Njálssonum en Höskuldur trúir engu sem hann segir og segist frekar vilja deyja af þeim en að hann geri þeim nokkuð illt
 - Mörður reynir þá að eggja Njálssyni gegn Höskuldi sem tekst. Þeir fara saman til Ossabæjar um morguninn og drap Skarphéðinn Höskuld þar sem hann var við sáningu en allir hinur veittu honum áverka
- ◆ 112-123 (Framhald málsins með víg Höskulds - Allt frá byrjun dómsmálsins til ógerðar sáttar)
- Mörður lýsir vitlaust frá viginu og sleppir því að nefna það sár sem hann orsakaði. Þar með er málið ónýtt í gegnum lagalegu leiðina.
 - Njálssynir leita liðveislu Ásgríms Elliða-Grímssonar
 - Flosi reiður yfir vígi Höskulds og biður frændur sína um að fjölmenna á þing. Hann og menn hans stoppa við í Ossabæ hjá Hildigunni. Hildigunnur eggjar hann óbeint til hefnda (lét hann hafa háseti, rífið handklæði, blóðug skikkja Höskuldar sem Flosi hafði gefið honum).
 - Reyna að fá liðveislu Guðmundar hins ríka en fá ekki. Þá fara þeir til Þorkels háks í Ljósvetningabúðum. Hann var valdamikill og var þekktur fyrir að hafa komist upp með níðsleg orð um Guðmund ríka án þess að Guðmundur gæti hefnt þeirra. Skarphéðinn lætur hins vegar þung orð falla um Þorkel hák og hótar honum með öxi sinni svo Þorkell þorir ekki að svara fyrir sig. Guðmundur ríki var ánægður með hvernig Skarphéðinn hafði gert lítið úr Þorkeli og veitti þeim

því liðveislu sína. Margir voru sammála um að Skarphédinn hafði þarna talað niður til manns sem átti það skilið.

- Menn skiptast á orum og málið er ónýtt og komið í upplauns. Njáll kemur þá með ræðu um hve heitt hann unni Höskuldi og hefði frekar viljað fórnað öllum sonum sínum en honum. Njáll biður því um að sæst verði á málið þar sem bestu menn sitji í dómi. Flosi fellst á þetta við bón Halls af Síðu, mágs síns
- Dæmendumir vildu ekki nota utanferðir því þær höfðu ekki gefið góða raun og aðeins skapað til frekari illinda. Þeir ákváðu því að gera Höskuld dýrari en nokkurn annan. Hann átti því að vera bættur þremur manngjöldum en það eru 600 silfurs.
- Guðmundur ríki sýnir hér vald sitt og biður menn um að leggja í þúkk til að friður gæti ríkt. Brátt hafði peningurinn safnast fyrir í haug en Njáll lagði silkislæður og bóta ofan á hrúguna.
- En þegar það á svo að handsala sættina lyftir Flosi klæðunum upp og spyr hver hafi gefið. Enginn svarar honum svo hann spyr aftur. Skarphédinn spyr hann þá hvað hann haldi. Flosi segir „faðir þinn (Njáll), karl hinn skegglaus“ hafi gefið þau og sakar hann um hommaskap eða samkynhneigð
- Skarphédinn svarar fyrir föður sinn og kastar blám brókum til Flosa og segir hann „þurfa þær þegar hann verður brúður Svínfellsáss níundu hverja nótt.“ Flosi ýtir þá við féinu og segir að annað hvort yrði Höskuldur ógildur ellegar hans yrði hefnt. Þar með varð ekkert úr handsölunum og sættinni
- Snorri goði biður Gissur hinn hvíta og Hjalt Skeggjason að varðveita féið sem hafði verið safnað saman

◆ 124-130 (Hefnd Flosa og Njálsbrenna)

- Flosi gengur fyrir hópnum sem vill Njálssyni dauða. Hann talast við upp í Almannagjá og ákveða að hittast á drottinsdag þegar átta vikur væru til vetrar. Flosi ætlaði að syngja sér messu og síðan áttu þeir að hittast undir Þríhyrningshásum en þeir sem myndu ekki mæta skildu drepnir fyrir að standa ekki við eiðinn um að koma. Þaðan myndu þeir fara saman á Bergþórshvols og ráðast gegn þeim með járn og eldi
 - Þeir sem tóku þátt í eiðnum voru: Flosi, Kolur Þorsteinsson Breiðmaga, Hróaldur Össurarson, Össur Ögmundarson töskubaks, Þorsteinn hinn fagri Geirleifsson, Glúmur Hildisson hins gamla, Móðólfur Ketilsson, Þórir son Þórðar illuga úr Mörtungu, frændur Flosa Kolbeinn og Egill, Ketill Sigfúson og Mörður bróðir hans, Þorkell og Lambi, Grani Gunnarsson, Gunnar Lambason og Sigurður bróðir hans, Ingjaldur frá Keldum, Hróar Hámundarson
- Hróðný (móðir Höskulds Njálssonar) fréttir að Ingjaldur frá Keldum, bróðir hennar, ætli að vera með í aðför gegn Njáli og sonum hans. Hún minnir hann á að Njáll hafi þrisvar leyst hann úr skógi (skóggangssök). Hún fer síðan og lætur Njál vita og segir honum að vera varkár yfir sumarið
- Sæunn, gömur kerlind sem er forsýn (forspá) bölvar yfir allt sumarið arfasátu sem er við Bergþórshvol, segir hana eiga upptökin af bruna hússins og það þyrfti að fjarlægja hana. Ekkert var þó hlustað á hana
- Runólfur Þorsteinsson (?) sér svartan mann ríða hesti aðfaranótt drottinsdags og hafði logandi eldibrand. Hjalti Skeggjason segir hann hafa séð gandreid sem sé jafnan merki stórtíðinda
- Flosi ríður frá Svínafelli til Kirkjubæjar og fer þar til messu snemma á drottinsdegi. Síðan hittast þeir annan dag vikunnar upp á Þríhyrningshásum og bíða til kvölds. Þar mæta allir nema Ingjaldur. Þeir ríða þá til Bergþórshvols
- Kári búinn að ákveða að vera á Bergþórshvoli og fylgja Njálssonum, ef þeir lenda í einhverjum vanda. Grímur og Helgi eru þetta umrædda kvöld að fara til annars bæjar þegar þeir hitta förukonur sem segjast hafa séð Flosa við marga menn. Þeir snúa þá við til Bergþórshvols. Bergþóra segir öllum að fá sér það sem þeir vilja af mat því þetta verði í seinasta sinn sem hún leggur á borg. Njáll fær einnig þá sýn að maturinn og borðið er allt í blóði en gafllveggir hússins farnir.
- Flosi og menn hans koma að Bergþórshvoli en þá standa þrír tugir þar fyrir utan, Njálssynir og Kári ásamt húskörlum. Flosi og þeir hika og sýnist það erfitt mjög að sækja fram. Njáll vill hins vegar að fólk sitt komi inn í hús og verjist þar. Synir hans eru ekki sammála en hlýða að lokum föður sínum og Skarphédinn einnig þótt hann viti að það verði hans bani.
- Flosi ná ekki að komast inn vegna mikillar mótsstöðu Njálsmanna. Þeir hafa því tvo kosti, að flýja af hólmi eða bera eld að og brenna þá inni. Þeir ákveða að brenna þá inni. Þeir kveikja í arfasátunni en Njáll fær hann til að hleypa konum, börnum og húskörlum út. Hann biður Þórhöllu

Ásgrímsdóttur Elliða-Grímssonar einnig að fara en hún lofar að þeirra verði hefnt. Helgi Njálsson fer í kvenmannsklæði til að laumast út en það uppgötvast. Hann heggur fót af manni en Flosi heggur þá af Helga höfuðið.

Flosi biður Njáli og Bergþóru útgöngu en Njáll vill frekar brenna inni en lifa við þá skömm að vera of gamall til að hefna sona sinna. Bergþóra vill deyja með bónda sínum („Eg var ung gefin Njáli.....”). Sveinninn Þórður Kárason (s.s. sonur Kára) vill vera með Bergþóru í dauða sínum. Þau leggjast því öll til hvílu sinnar, signdu sig og leggja uxahúð yfir sig

Þvertréið hafði fallið niður og var að brenna í miðjunni. Kári kastar eldi brandi á mennina út svo þeir tvístrast. Kári hleypur þá á þvertréinu, stekkur út svo menn sjá ekki til og út í næstu á til að slökkva í sér. Skarphéðinn reynir hið sama en þvertréið brotnar í miðjunni svo hann kemst hvergi

Grímur og Skarphéðinn troða eldinn en Grímur fellur dauður niður í honum miðjum.

Skarphéðinn heldur áfram en þá fellur þekjan og hann festist þar á milli hennar og gafhlaðsins

◆ (130)/131-135 (Eftirmál Brennunnar – Draumur Flosa)

- Flosi segir brennuna stórvirk og illvirki. Þeir fréttu að Kári hafi komist undan frá Geirmundi(?) sem hitti Kára. Flosi vill þá að Sigfússynir fari ekki heim til búa sinna heldur verði hjá honum en ríði nú upp á Þríhyrningsháls því þaðan sæjust allar mannaferðir í héraðinu og enginn mun leita þeirra þar. Þeir ríða þá upp Þríhyrning í dalinn Flosadal og ætla að vera þar í þrjá daga.
- Þeir hitta fyrir Ingjald á leiðinni. Ingjaldur fær fljúgandi spjót í fótinn enn kastar því til baka og drepur Þorstein bróðurson Flosa. Ríður hann þá í burtu
- Um ferðir Kára er það að segja að hann fer frá brennunni og hittir fyrir Bárð og Geirmund (?) og segir þeim tíðindin. Hann fer síðan til Marðar Valgarðssonar og biður hann að safna liði. Síðan hittir hann Ingjald og hrósar honum fyrir dauða Þorsteins.

Þeir fóru saman ásamt Merði og mönnum hans til að leita Flosa og þeirra en finna þá hvergi.

- Kári og Hjalti Skeggjason auk þrettán annara ríða til rústa Bergþórshvols. Líkami Njáls mjög heill að líta, einnig Bergþóru og drengsins sem hafði aðeins misst einn fingur sem stóð út úr húðinni.

Skarphéðinn fannst og voru fætur hans fyrir neðan hné brunni af en allt annað heilt. Augu hans voru opin og óþrútin og hann hafði rekið öxina svo hart í gafhlæðið að hún hafði ekki „dignað” af hitanum. Hann hafði rauða flekki sem mynduðu kross á líkama hans og hann dó með hendurnar í kross.

Þeir færðu alla líkama til kirkju.

- Kári fer til Ásgríms Elliða-Grímssonar og dvelur þar. Þórhallur Ásgrímsson þrútnaði allur upp og blóð streymdi úr eyrunum er hann heyrði lát Njáls föstra síns (Njáll tók við honum og kenndi honum lög). Ásgrímur hafði fengið ráða hjá Gissuri hvíta um málið sem ráðlagði þeim að fara með það til þings um vorið og láta Mörð sækja málið
- Flosa dreymir illa nótt eina á Svínafelli. Þegar hann vaknar segir hann Katli úr Mörk drauminn.

Draumur Flosa (133 kafli): *Flosa sýnist Lómagnúpur opnast og maður gengur út í geithéðni og hafði járnstaf í hendi. Maðurinn kallar fyrst Grím hinn rauða frænda Flosa og Árna Kosson. Þá Eyjólf Bölverksson og Ljót son Halls af Síðu og nokkura sex menn. Þá þagði hann um stund nokkra. Síðan kallaði hann fimm menn og voru þar Sigfússynir, bræður þínir. Kallar síðan aðra fimm menn og var þar Lambi og Móðólfur og Glúmur. Þá kallaði hann þrjá menn. Síðast kallaði hann Gunnar Lambason og Kol Þorsteinsson.*

Maðurinn segist heita Járngrímur og sagðist ætla til alþingis. Flosi spyr hvað hann ætli að gera þar og Járngrímur svarar að fyrst ætlar hann að „ryðja kviðu en þá dóma en þá vígvöll fyrir vegöndum” og kveður vísu. Hann lýst síðan stafnum og opnast þá inn í fjallið og Flosi varð hræddur.

Ketill les úr draumnum sem svo að allir þeir sem nefndir voru muni láta lífið og vill Ketill að þeir láti engan mann vita að svo stöddu

- Flosi fer í liðsbón og fær liðveislu frá: Síðu-Halli (Flosi átti Steinvöru dóttur hans), Hallbirni hinum sterka, Hrafnkelli Þórisssyni, Hólmsteini Spak-Berasyni, bræðrunum Þorkeli fullspaka og Þarvaldi (Yngveldur móðir þeirra grætur liðveislu þeirra) og Bjarna Brodd-Helgasyni. Hafði Flosi þá þegið liðsbón margra/(flesta?) höfðingja á Austfjörðum
- Gissur hvíti segir Kára að fá Mörð til að sækja málið og hótta honum því að kona hans yrði send aftur heim til föður síns, sem er Gissur hvíti. Kári fer fyrst til Þorgeirs skorargeirs frænda Njálssona og gefur honum öxi Skarphéðins. Þeir ríða síðan til Marðar Valgarðssonar og fá hann til að sækja málið eftir hótanirnar um að kona hans færi aftur heim til Gissurar hvíta föður síns.

◆ (135)/136-145 (Orðaskakið og átökin á þinginu auk sáttarinnar)

- Líður nú til alþingis og fer Kári ásamt tuttugu öðrum frá Ásgrími Elliða-Grímssyni. Þórhallur Ásgrímsson fór með þeim en hann hafði fengið fótamein svo hann var allur bólgin og þurfti því að liggja í búð sinni.
- Flosi og menn hans fara til Tungu til Ásgríms Elliða-Grímssonar á leiðinni til þing. Þeir vildu reyna að bera illskar á hann. Ásgrímur sá til þeirra og lét gera allt fint og setja mat á borð. Ásgrímur heilsar þeim ekki en segir þá fá mat sem þurfa. Ásgrímur reynir að leggja öxi í höfuð Flosa en það er stoppað. Flosi vill ekki að Ásgrímur sé drepinn því hann hafi aðeins reynt að gera það sem honum bara að gera. Hann kastar síðan kveðju um að þeir sjáist á þingi
- Þing aldrei jafn fjölmennt
- Flosi borgar Eyjólfvi Bölverkssyni, sem var mikill lögmaður, með hring (sem var 12 hundruð mórend) til að verja mál sitt. Hann lætur Flosa selja goðorð sitt leynilega til Þorgeirs bróður síns og segjast í þing með Áskatli goða Þorketilssyni. Þar með færir Flosi úr Austfirðingadómi yfir í Norðlendingadómi án þess að nokkur viti.
- Kári, Gissur, Ásgrímur fara til liðsbónar. Snorri goði gerir vináttubragð með þeim og ætlar að loka Almannagjá ef til átaka kemur svo það verði þeim í hag. Guðmundur hinn ríki styður þá einnig.
- Tekist er um málið á þingi. Eyjólfur Bölverksson nær að verjast ásökunum Marðar á hendur Flosa. Þá er sendur maður til Þórhalls Ásgrímssonar sem finnur lagalegar leiðir í hag Marðar.

Mörður sækir þá málið fyrir Flosa í Austfirðingadóm sem átti að sækja í Norðlendingadóm, vegna þess að Flosi hafði leynilega skipt um dóma. Ætlar Eyjólfur þar með að stefna Merði og þeim í fimmtardóm fyrir þingafglöpum og þar með véfengja brennumálið. Þórhallur leysir þetta með því að láta stefna bæði Eyjólfvi og Flosa fyrir að bera fé í dóminn og eru lög þannig að ef tvær fjörbaugssakir eru á einum manni skal dæma skógarmann. Mörður gerði svo og stefnir þeim í fimmtardóm.

Mörður yfirsést bragð Eyjólfis í fimmtardómnum þar sem Eyjólfur sendi ekki sex menn í dóminn meðan Mörður sendi sex. Þar með fyllti Mörður ekki þann fjölda dómenda sem þurfti og málið ónýttist.

- Deilurnar verða að átökum
 - Þórhallur Ásgrímsson gerist mjög reiður vegna bellibragða Eyjólfis og notar atgeirinn Skarphéðinsnaut til að stinga á bólguna í fætinum svo fossaði blóð. Þá gekk hann óhalltur út, mætti Grími hinum Rauða og stakk á hol með spjótinu
 - Átök brjótast út á þinginu milli fylkinga Flosa og Kára
 - Kári drepur Árna Kolsson og marga aðra
 - Þorgeir Skorargeir drepur líka marga
 - Gengur nú svo hart að mönnum Flosa að þeir verða undan að hverfa og ætla niður í Almannagjá. En þá hafði Snorri lokað öllum leiðum fyrir þá niður í gjánna svo
 - Skafti fær spjót frá Ásgrími í fótinn þegar hann gekk til búðar fyrir að bjóða liðssinni þar á undan
 - Hallur og Ljótur sonur hans koma með lið sitt til að tvístra fylkingarnar. Ljótur fær spjót um sig miðjan og dey en engin vissi hver hefði kastað spjótinu
 - Kári drepur Eyjólf Bölverksson
- Lausn deilnanna
 - Snorri goði og lið hans gengur á milli fylkinganna.
 - Næsta dag gengu þeir til lögbergs
 - Hallur gerir son sin ógildan til að ná friði
 - Sætt var gerð í 12 manna dóm. Bættir þeir menn er umfram voru í átökunum á alþingi. Gert var út um brennumálið. Var Njáll bættur þrennum málgjöldum en Bergþóra tvennum. Víg Skarphéðins var gert jafnt vígi Höskulds Hvítanesgoða. Báðir Grímur og Helgi bættir tvennum manngjöldum hvor. Ekki var sæst á víg Þórðar Kárasonar.

Allir brennumenn dæmdir til að fara út áður en þrír vetur væru liðnir annars væru þeir dæmdir skóggangsmenn. Flosa var gert að vera utan í þrjá vetur en Gunnari Lambasyni, Grana Gunnarssyni, Glúmi Hildissyni og Kol Þorsteinssyni var ekki leyft að koma aftur Eyjólfur Bölverksson var dæmdur ógildur fyrir ójöfnuð sinn og rangindi Skafta var ekki bættur á

Allur þingheimur bætti Halli son sinn með fernum manngjöldum. Allir aðrir sem með Flosa höfðu verið fengu engar bætur fyrir vansa sinn og undu við hið versta

- Allir handsala sættina við Flosa og menn hans nema Þorgeir skorargeir og Kári Sölmundarson

◆ 146-147 (Kári og Þorgeir skorargeir hefna)

- Sigfússynir halda að Kári og Þorgeir hafi farið norður.
- Þorgeir og Kári koma að Sigfússonum þar sem þeir sofa í dæl (dæld) við Kerlingardalsár. Þeir tóku spjóti og hentu út í ána. Þeir vekja þá og leyfa þeim að vígbúast. Drepa Kári og Þorgeir skorargeir þá Þorkell Sigfússon, Þorgeir(?), Mörð Sigfússon, Sigurð Lambason, Lamba Sigurðsson og Leiðólf.

Þá flýja í burtu Ketill úr Mörk og afgangur liðsins. Kári vill ekki fara á eftir þeim því hann vill ekki drepa Ketil úr Mörk (eiga saman systur tvær og Ketill hjálpaði honum fyrr á ævinni)

- Hallur úr Síðu vill að Flosi sættist við Þorgeir skorargeir því annars verður það hans bani. Hallur fer því og finnur Kára og Þorgeir. Þorgeir vill fyrst ekki sættast og hætta að fylgja Kára. Kári pressar á hann að semja og fer að lokum að Þorgeir semur við Flosa og menn hans en inni í sættinni var þó leyfi fyrir Þorgeir að Kári mátti vera hjá honum er hann vildi. Þorgeir þurfti ekki að gjalda fyrir það sem hann hafði gert en Flosi borgaði bætur fyrir Njál og sonu hans að þriðjungi..

Kári vildi hins vegar ekki sættast því hann átti eftir að hefna sonar síns (Þórðar Kárasonar)

Flosi hælir Kára („Fám mönnum er Kári líkur og þann veg vildi eg helst skapfarinn og hann”)

◆ 148-158 (Kári hefnir (án Þorgeirs))

- Kári fer frá Þorgeir Skorargeiri mági sínum og til bónda í Þórsmörk heitir Björn hvíti Kaðalsson Bjálssonar. Valgerður hét kona hans, hún var af betri ættum og hafðilítla trú á manni sínum. Hótaði að fara frá manni sínum ef hann gerði ekki vel við Kára. Kári biður um hjálp Björns sem hann veitir Kára

- Flosi og félagar fara að huga að utanferðum til að uppfylla sættina. Flosi kaupir skip af Austmanni sem kom þarna við.

- Sigfússynir ætla til búa sinna í Fljótshlíð til að sækja vörur og það sem þeim vantar til utanfararinnar. Á leiðinni hitta þeir Björn sem lýgur til um ferðir Kára svo þeir halda að hann sé hvergi nærri. Þeir leggjast einhverju sinni til hvílu einhvers staðar í Mörk. Þá koma Björn og Kári að þeim. Björn stendur jafnan fyrir aftan Kára og reynir hvað hann getur en Kári gerir þó mest stórvirkin.

Kári drepur Móðólf Ketilsson, Lamba Sigurðsson, Þorstein Geirleifsson, Gunnar úr Skál og særði illa Grana Gunnarsson

- Kári og Björn felsast hjá Skaftá. Þeir ríða þar fyrir nokkra menn og Kári drepur þar Glúm Hildisson, Vébrand og Ásbrand Þorfinnssyni. Ketill ræðst að Kára og ætlar að leggja hann með spjóti en Kári brítur spjótskaftið og nær taki á Katli. Björn ætlar að vega Ketil en Kári vill ekki drepa hann og mun það aldrei gefa. Ketill fékk því grið.
- Flosi hælir Kára aftur („er Kári engum manni líkur þeim sem nú er á Íslandi”)
- Kári þakkar Birni fylgdina og miklar hann fyrir húsfreyjunni (gerir mjög mikið úr þátttöku hans og vináttu). Kári fær svo Þorgeir skorargeir til að skipta um bæ við Björn. Þorgeir setti öll mál í alsætti fyrir Björn.

- Kári fær far með Kolbeini svarta út

- Flosi fer út og þeir villast í þoku. Koma þeir að landi við Orkneyjar í Hrossey. Þar er enn við völd Sigurður jarl Hlöðvissonar en Helgi Njálsson, sem Flosi vóg, var hirðmaður hans.

Flosi gengur fyrir jarl. Jarl lætur taka þá alla en Þorsteinn Síðu-Hallsson (Flosi átti Steinvöru systur hans) sem var í salnum og keypti þeim grið. Jarl var þó erfiður lengi og fór svo að Flosi gekk í þá þjónustu sem Helgi Njálsson hafði verið í og gerðist hirðmaður konungs.

- Kári kominn til Friðarey sem er á milli Hjaltlands og Orkneyja. Dagviður tók þar við Kára. Hann sagði honum um ferðir Flosa og sagði honum allar þær fréttir sem hann heyrði frá Hrossey. Hann fer síðan þangað um jólin

- Sigurður jarl heldur jólaboð og bíður mörgum hábornum mönnum. Á jóladaginn sjálfan var Gunnar Lambason fenginn til að segja frá brennunni. Kári var þá kominn til Hrosseyjar með Dagviði og Kolbeini. Hlýddu þeir á Gunnar utan við. En þegar Gunnar segir að Skarphéðinn hafi grátið í brennunni getur Kári ekki lengur setið á sér. Hann hleypur inn eftir höllinni, kveður vísu og heggur höfuðið af Gunnari svo það veltur á borð konunganna og jarlanna svo og að klæði þeirra verða blóði drifin.

Sigurður jarl þekkti Kára því hann hafði verið hirðmaður hans og gefur skipun um að taka hann

og drepa. Kári var þekktur í hirð Sigurðar og var það vinsæll að enginn stóðu upp þrátt fyrir skipunina. Kári segist hafa verið að hefna hirðmanns jarls („þíns”) en Flosi segir jarli að vera ekki reiðann út í Kára því hann væri í engri sætt við þá og gerði aðeins það sem honum bar. Kári gengur á braut og enginn á eftir honum

Flosi tekur nú til og sagði söguna af brennni og þótti hann betur trúverðugur

- (Næstu kaflar fjalla meira um konungsmál og valdatafl þeirra. Mikið sagt frá Þorsteins Síðu-Hallsonar, Kerþjálfí (?))
- Flosi vill fara til suðurgöngu (fá blessun páfa og fyrirgefningu allra synða), Gilli jarl útvegar honum skip og mikið af silfri. Flosi fer síðan til Bretlands og dvelur þar um stund.
- Kári fréttir um ferðir Flosa og vill einnig til Bretlands. Fær skip hjá skeggja bónda og fer þangað
- Kári gengur um borgina og sér Kol þar sem hann er að telja silfur og taldi tíu þegar höfuðið fauk af. Flosi býr um Kol Þorsteinsson og gefur mikið fé til legs honum. Hann hallmælir aldrei Kára
- ◆ (158)-159 (Endar ná saman og heilar sættir milli Kára og Flosa – Lok Njálu)
 - Kári fer til Skotlands og dvelur þar með Melkólfi jarli
 - Flosi hefur göngu sína suður eftir allt til Rómarborgar. Hlaut þar mikla sæmd og fékk lausn frá sjálfum páfanum. Fór aftur hina eystri leið til baka, fór þar á milli borga og hlaut einnig mikla sæmd. Var í Noregi um veturinn, fékk skip frá Eiríki jarli til utanferðar, mikið mjöl og fór en og aftur með sæmd. Flosi sigldi þá heim, kom til hafnar í Hornafirði og fór þá heim til sín á Svínafells
 - Kári siglir suður um sæ og hefur göngu sína í Normandí. Hann sigldi svo til Bretlands og þar í kring.
 - Húsfreyja Kára andast um veturinn
 - Kári siglir til Íslands um sumarið með Skeggja. Mikil hríð var og brutu þeir skipið við Ingólfshöfða. Mönnum varð bjargað. Kári fór þá til Svínafells í hríðinni og vill reyna á þegnskap Flosa. Flosi tekur við Kára og biður honum að vera þar um veturinn.
 - Kári giftist Hildigunni, bróðurdóttur Flosa og sættast þeir heilum sáttum. Kári og Hildigunnur búa á Breiðá
 - Sagt var að ævilok Flosa hefðu verið að hann fór gamall til Noregs að sækja sér skálavið. Um sumarið er hann tilbúinn til heimfarar en mönnum þykir skip hans fremur ótraust. Flosi sagði vera ærið gott gömlum og feigur og fór á því skipi til hafs. Til hans og skipsins hefur síðan þá ekki spurst.
 - Börn Kára Sölmundarsonar
 - Börn Kára með Helgu Njalsdóttur: Þorgerður, Ragnheiður, Valgerður og Þórð (þann sem inni brann)
 - Börn hans með Hildigunni: Starkaður, Þórður, Flosi (Flosi eignaðist síðan Kolbein sem varð einn ágætasti maður í þeirri ætt)
- ◆ Og ljúkum vér þar Brennu-Njáls sögu =)

Nokkrar góðar síður með frekar glósum:

Njálssaga í styttra máli

http://www.flensborg.is/sveinn/Skrar/303/Njala_stutt.doc

Um Brennu-Njálssögu og gerð sögunnar. Einnig eru þarna æfingar og verkefni

<http://www.ismennt.is/fjar/isl313/njall/>

Njálssaga í heild

<http://www.snerpa.is/net/isl/njala.htm>

Helstu ættartölur úr Njálu sýnar

<http://www.flensborg.is/sveinn/Skrar/handr/aettir.htm>

Allur frágangur og vinnsla var í höndum Þorleifs Úlfarssonar